

Samantekt HNE yfir svifryksmælingar og loftgæði og áhrif sóttþreinsunar á gervigras Bogans á Akureyri

Boginn tekin í notkun 2003

Apríl 2011 – Svifryksmælingar og sóttþreinsun

Starfsmaður bogans hefur samband vegna aukinna kvartana frá íþróttaiðkendum um óþægindi í öndunarfarum eftir æfingar.

Svifryk mælt í 29. apríl til 22. maí 2011, grasteppi djúphreinsað 6. maí.

Heilsuverndarmörk eru 50 mikrógrömm (μg) í rúmmeter m^3), mældar eru svifagnir sem eru nægilega smáar til að berast ofan í lungu og hafa þvermál undir 10 mikrómetrum (μm).

- Svifryk mælt í 7 daga fyrir djúphreinsun, var yfir heilsuverndarmörkum og hækkuðu gildin síðdegis, þegar æfingar byrjuðu og hækkuðu meir eftir því sem leið á æfingartímann á deginum, byrjuðu í **50-60 μg en í lok dags 60-70 μg**
- Eftir djúphreinsun þá fóru gildin niður í **20-30 μg í rúmmeter á álagstíma**, mælt var í 16. daga eftir djúphreinsunina
- Önnur mæling á svifryki mælt aftur 3-12 apríl 2012, var 20-30 $\mu\text{g}/\text{m}^3$
- Þriðja svifryksmælingin gerð í tengslum við bíladaga 13-19 júní 2012, gildin voru 30-40 μg en hækkuðu yfir heilsuverndarmörk um leið og farið var að keyra bíla inn í húsið og fór hæst í tæplega 111 μg (verið að keyra út) en meðaltalið frá kl. 10 um morguninn 17. Júní til kl. 20 um kvöldið var 65,5 $\mu\text{g}/\text{m}^3$

Djúphreinsun á grasteppinu

- Djúphreinsun á grasteppinu er í raun ryksugun með sérhæfðri vél sem burstar upp yfirborðið og tekur upp í síu allt laust efni og hristir gúmmíkurlið niður um sigti en léttari efnin sogast upp í ryksuguna og upp í tank. Við djúphreinsunina réttist úr þráðunum í teppinu sem er mikilvægt til þess að völlurinn haldi upprunalegum eiginleikum
- Líklega fyrst 2009 síðan í maí 2011 og í lok september 2014

Gervigras sóttþreinsað í október 2011 Centibac-09

Markaðir voru 4 reytir á álagsstöðum vallar, 1m x 1m, Prófaðir 4 styrkleikar á sóttþreinsiblöndunni (0,1%, 0,5%, 1,0%, 10%) 1% blandan skilaði 96% árangri þ.e. 96% gerlanna drápust, 10% blandan drap allt.

- 27. okt. 2011 var grasið sóttþreinsað í fyrsta sinn með 2% lausn af Centibac-09 og þurfti að hafa húsið lokað í 2 daga á eftir á meðan lyktin var að hverfa og grasið að þorna, grasið varð gerlafrítt á eftir.
- 22. des 2012 sóttþreinsað gervigrasið með 0,17% lausn, ekki góður árangur
- 27. des 2013 sóttþreinsað, líklega með 1% lausn, sýni tekin fyrir sóttþreinsun og aftur 6. Jan, töluverð lækun á gerlatölu en búið var að nota völlinn í nokkra daga